

Greinargerð með fjárhagsáætlun 2021

Rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir að heildartekjur KSÍ árið 2021 verði kr. 1.693.846.609 samanborið við kr. 1.688.610.651 árið 2020. Gengi sem notað er í áætlun 2021 er EUR 156 og USD 127.

	Áætlun 2021	Raun 2020	Áætlun 2020
Rekstrartekjur			
Styrkir og framlög	1.104.653.109	1.214.989.818	1.048.425.859
Tekjur af landsleikjum	148.090.000	25.909.950	199.515.000
Sjónvarpsréttur	311.800.000	295.174.263	276.000.000
Aðrar rekstrartekjur	67.303.500	48.015.386	55.214.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	62.000.000	104.521.234	42.489.816
	1.693.846.609	1.688.610.651	1.621.644.675

Styrkir og framlög

Styrkir og framlög koma m.a. frá UEFA, FIFA, Íslenskum getraunum og ÍSÍ.

Árið 2021 er gert ráð fyrir 609 mkr frá UEFA í stað 758 mkr árið 2020. Framlag UEFA sveiflast milli ára þar sem greiðslur vegna Þjóðadeildar eru annað hvert ár. Gert er ráð fyrir framlagi frá FIFA að upphæð 317,5 mkr, samanborið við 320 mkr árið 2020. Framlög FIFA árin 2020 og 2021 til aðildarsambanda sinna eru hærri en verið hefur þar sem árið 2020 kom sérstakt Covid-framlag að upphæð 1 milljón USD og árið 2021 var framlagið 500.000 USD. Þetta eru einu framlög sem KSÍ hefur fengið frá UEFA og FIFA vegna heimsfaraldurs Covid 19.

Árið 2019 hófst fjögurra ára styrkjatímabil FIFA. Árlegt framlag FIFA til rekstrar er 1 milljón USD og á tímabilinu fjármagnar FIFA verkefni fyrir 2 milljónir USD. Árið 2020 hófst nýtt fjögurra ára styrkjakerfi UEFA, HatTrick V. Árleg framlög UEFA til rekstrar eru allt að 2.400.000 evrur. Á tímabilinu fjármagnar UEFA verkefni fyrir 4,5 milljónir evra, og þegar hefur verið gert ráð fyrir því að 1 milljón evra verði ráðstafað í mannvirkjasjóð KSÍ á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir að greiðslur frá Getraunum og ÍSÍ verði svipaðar á milli ára.

Gert er ráð fyrir að ýmsir styrkir verði 135 mkr. árið 2021. Ýmsir styrkir samanstanda af samningum við bakhjarla KSÍ, búningasamningum og vörumerkjasamningum. Árið 2020 námu þessir styrkir 87 mkr.

Tekjur af landsleikjum

Gert er ráð fyrir að tekjur af landsleikjum verði 148 mkr. árið 2021 og samanburður við fyrra ár á ekki við. Gert er ráð fyrir 65% miðasölu á 5 heimaleiki A landsliðs karla og inni í þeirri tölu er miðasala til samstarfsaðila KSÍ. Aðrar landsleikjatekjur samanstanda af heimaleikjum A landsliðs kvenna, heimaleikjum U21 landsliðs karla og útileikjum A landsliðs karla, og eru samtals um 21 milljón króna.

Sjónvarpsréttur

KSÍ hefur framselt sjónvarps- og markaðsréttindi fyrir leiki A landsliðs karla til UEFA frá september 2018 til júní 2022 og er KSÍ skuldbundið til að leika 40 leiki (10 leiki á ári) á því tímabili, í undankeppni EM 2020, HM 2022, Þjóðadeildinni 2018 og 2020 og vináttulandsleiki. Greiðslan fyrir réttinn er 10 milljónir evra fyrir tímabilið 2018-2022. Gert er ráð fyrir jafndreifingu tekjufærslna.

Aðrar rekstrartekjur

Gert er ráð fyrir öðrum tekjum að fjárhæð 67 mkr. árið 2021 samanborið við 48 mkr. árið 2020. Þetta eru t.d. tekjur af námskeiðum og mótum og réttindagreiðslum fyrir tölvuleiki.

Rekstrartekjur Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir því að rekstrartekjur Laugardalsvallar verði árið 2021 rúmar 62 mkr. Stærstur hluti rekstrartekna eru greiðslur skv. samningi við Reykjavíkurborg, en þess fyrir utan koma tekjur vegna veitingasölu og vallarleigu. Samningur um rekstur vallarins milli KSÍ og Reykjavíkurborgar var gerður árið 2014 og gildir út árið 2025. Að frumkvæði KSÍ hefur Reykjavíkurborg nú samþykkt árlegt viðbótarframlag (17 mkr) til KSÍ vegna reksturs Laugardalsvallar og viðbótarframlag og greiðslu vegna tapreksturs undanfarinna ára (42 mkr) sem kom inn á árinu 2020.

Rekstrargjöld

Gert er ráð fyrir að heildargjöld ársins 2021 verði kr. 1.519.780.836, samanborið við kr. 1.337.493.172 árið 2020. Áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2021 eftir greiðslur til aðildarféлага er kr. 36.612.767.

Kostnaður við landslið

Í fjárhagsáætlun starfsársins 2021 er eingöngu gert ráð fyrir úrslitakeppni U21 karla. Ef önnur landslið vinna sér sæti í úrslitakeppni á árinu verður lögð fram sérstök áætlun fyrir þau verkefni.

Kostnaður við landslið milli árána 2020 og 2021 er ekki samanburðarhæfur vegna verkefnafalls árið 2020. Gert er ráð fyrir því að kostnaður við landslið árið 2021 verði 754 mkr, en rauntala árið 2019 til samanburðar í þessu tilfelli var 731 mkr.

Í fjárhagsáætlun er reiknað með að landslið Íslands leiki 72 leiki árið 2021. Árið 2020 voru leikirnir aðeins 32 en árið 2019 léku liðin 84 leiki.

Í sameiginlegum landsliðskostnaði (31 mkr) eru m.a liðir eins búningar, þvottur, sjúkravörur, sjúkraskráningarkerfi KSÍ og kostnaður við heilbrigðismál, en framfylgd reglugerða UEFA um heilbrigðismál leikmanna landsliða eru kostnaðarsöm.

	Áætlun 2021	Raun 2020	Áætlun 2020
A-landslíð karla	352.124.200	294.530.740	372.241.588
U21-landslíð karla	64.725.020	58.142.391	65.332.504
U19-landslíð karla	38.280.073	12.280.037	38.390.400
U17-landslíð karla	37.920.907	17.941.091	35.051.480
A landslíð kvenna	133.114.000	130.792.373	131.812.104
U23-landslíð kvenna	4.774.500	0	4.774.500
U19-landslíð kvenna	33.075.130	19.607.122	38.849.640
U17-landslíð kvenna	31.888.872	15.260.061	39.461.200
Hæfileikamótun	26.387.275	22.797.351	34.442.000
Sameiginlegur landslíðskostnaður	31.938.000	55.482.015	21.000.000
	754.227.977	626.833.181	781.355.416

Mótakostnaður

Gert er ráð fyrir að mótakostnaður verði svipaður á milli ára, 221 mkr og þar vegur þýngst kostnaður við dómaramál 180 mkr.

Fræðslukostnaður

Gert er ráð fyrir að fræðslukostnaður ársins verði 67 mkr. Helstu kostnaðarliðir eru laun, verktakagreiðslur, landshlutaverkefni, námskeið, kennslugögn og ferðakostnaður.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Í liðnum skrifstofu- og stjórnunarkostnaður í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 17 fastráðnum starfsmönnum á skrifstofu, auk þess sem gert er ráð fyrir nýju stöðugildi frá og með öðrum ársfjórðungi á innanlandssviði. Gert er ráð fyrir því að laun, launatengd gjöld og annar starfsmannakostnaður verði á árinu 2021 rúmar 234 mkr.

Gert er ráð fyrir því að skrifstofu- og rekstrarkostnaður verði 69 mkr árið 2021. Helstu kostnaðarliðir skrifstofunnar eru tölvukostnaður 22 mkr, aðkeypt sérfræðiaðstoð 14 mkr, fundakostnaður 9 mkr.

Húsnæðiskostnaður

Gert er ráð fyrir því að húsnæðiskostnaður verði 27 mkr árið 2021. Helstu kostnaðarliðir eru húsaleiga, tryggingar, hiti, rafmagn og þrif.

Annar rekstrarkostnaður

Gert er ráð fyrir að annar rekstrarkostnaður ársins verði 5 mkr, en þar er um að ræða þróun á vinnuáðstöðu.

Rekstrargjöld Laugardalsvallar

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Laugardalsvallar verði á árinu 97 mkr. Helsti kostnaðarliður við rekstur vallarins er launakostnaður. Aðrir kostnaðarliðir eru til dæmis öryggisgæsla, viðhald og rekstur vallarins (rafmagn, hiti, hreinsun vallar, ræsting, o.fl.).

Framlög til aðildarfélaga

Í fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að framlög til aðildarfélaga verði tæpar 146 mkr. Framlag KSÍ til barna- og unglíngastarfs er áætlað 60 mkr., greiðslur vegna leyfiskerfis hækka í 41 mkr. (vegna leyfiskerfis kvenna), verðlaunafé móta rúmar 13 mkr og þá er gert ráð fyrir að hlutur KSÍ vegna ferðapátttökugjalds verði tæpar 24 mkr árið 2021. Loks má geta framlags upptöku- og tæknibúnaðar til aðildarfélaga að verðmæti 7,5 mkr.

Samantekt

Lögð er fram rekstraráætlun sem gerir ráð fyrir 36 mkr hækkun á sjóði sambandsins á árinu 2021.

Við gerð rekstraráætlunar 2021 var litið til rekstrar sambandsins til loka ársins 2024 og þær sveiflur sem einkenna rekstrarumhverfi sambandsins metnar. Það er markmið KSÍ að halda áfram að þróa rekstur sambandsins með stöðugleika og sjálfbærni að leiðarljósi.